Stjórnarfund KAÍ 21.04.2023 kl. 12.00 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Reinharð, Elías, Mæja, Ronja og á Zoom: Sigþór og Rut.
Gunnlaugur og Hafþór boðuðu forföll.

1. Mótamál –mótanefnd.
    a. Næsta mót er GP2 í Fjölnishöllinni 6. maí.
    b. Ekki hafa komið nýir fulltrúar í nefndina þrátt fyrir pósta á formenn félaganna. Munum senda út enn eina áminninguna og einnig á FB. Þurfum að hafa fulltrúa frá öllum virkum félögum og helst tvo.
2. Landsliðsmál – landsliðsnefnd.
    a. Reinharð og Elías Guðni fóru á fundi með landsiðsfólkinu, bæði kumite og kata. Urðum ekki varir við almenna óánægju með störf landsliðsnefndar. Mættum senda flugmiða á keppendur um leið og þeir eru gefnir út svo allir séu með dagsetningar á hreinu.
    b. Beiðni um að fara á fleiri opin mót til að fá jákvæða keppnisreynslu. Vísað til landsliðsþjálfara að huga að þeim.
    c. Kom ósk frá keppendum um að endurnýja landsliðsgallana fyrir næsta ár.
3. Dómarnefnd
    a. Tveir ungir dómarar stefna á alþjóðleg réttindi. Dómarnefndin samþykkti að senda Jóhannes Felix Jóhannesson og Aron Bjarkason á Gladsaxe Cup í enda maí til að dæma þar. Þetta er liður í undurbúningi þeirra fyrir Norræna dómarprófið á Íslandi á næsta ári.
4. Fulltúar KAÍ á Íþróttaþingi 5.-6. maí næstkomandi.
    a. Reinharð Reinharðsson
    b. Rut Guðbrandsdóttir
    c. Ronja Halldórsdóttir
5. Undirbúningur fyrir NM24 í Reykjavík.
    a. María Jensen gaf kost á sér til að stýra undirbúningsnefnd fyrir mótið. Stungið var upp á að fá Gauk Garðarsson og Harald Hrafn Guðmundsson í nefndina. Báðir samþykktu það seinna um daginn.
6. Önnur mál
    a. Reinharð ræddi við Elínu í Aftureldingu um að gera myndbönd um karate íþróttina sem hægt er að nota við útbreiðslu karate á samfélagsmiðlum. Hún tók vel í það. Verður unnið með henni áfram í málinu.
    b. Sissó tók að sér að skrifa uppkasta að auglýsingu um að fá fólk í starfshóp um aukið aðgengi hinsegin fólks að íþróttinni. Stefnt á að auglýsa sem allra fyrst og velja á næsta stjórnarfundi.
    c. Formannafundur í ágúst.
        i. Lagt til að starfhópurinn skili af sér fyrir formannafundinn.
        ii. Umræða verði um fjörkálfamótin í kata og kumite.
        iii. Leggja til að félögin fái yngir iðkendur í lið með sér til að virkja samfélagsmiðla.
        iv. Mótadagskrá haustsins kynnt.